



# BRÚARÁSSKÓLI

- hver og einn er einstakur

## Danska - unglíngastígg

Nemendur á unglíngastígg eru í þremur dönskutíma á viku. Eins og kemur fram í aðalnámskrá grunnskóla varðandi erlend tungumál þá er danska annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskóla. Með námi í dönsku er stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd. Danska er kennd vegna samskipta- og menningartengsla við Danmörku og aðrar norrænar þjóðir en saga okkar og menning er samofin sögu og menningu Dana. Stór hópur Íslendinga sækir nám og störf í Danmörku. Dönskukennslu fellur undir læsi í grunnþættir menntunar. Talað er um að meginmarkmið læsis sé að nemendur séu virkir þátttakendur í að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Hefðbundið læsi tengist kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta. Læsi í víðum skilningi vísar hins vegar til þess að nemendur nái tökum á ýmsum táknerfum og miðlum.

## Markmið

- ✓ geti lesið í ólíkum tilgangi og beitt ólíkum lestraraðferðum (leitarlestur, yfirlitslestur, hraðlestur og nákvæmnislestur)
- ✓ geti lesið sér til gagns og ánægju og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi
- ✓ skilji heildarintak í munnlegum frásögnum og samtölum tveggja um efni almenns eðlis sem hæfir aldri hans og þroska
- ✓ geti hlustað eftir og skilið smáatriði í samtölum, tilkynningum og frásögnum þar sem nauðsynlegt er að skilja til fullnustu það sem sagt er
- ✓ geti óundirbúið tekið þátt í samræðum við ólíka viðmælendur um efni sem hann þekkir, hefur áhuga á eða sem tengist daglegu lífi
- ✓ geti sagt nokkuð lipurlega frá ýmsu sem hann hefur áhuga á og haldið rökréttum þræði í frásögninni
- ✓ geti skrifað samfelldan texta með einföldum aukasetningum og beitt meginreglum um málnotkun
- ✓ kunni aðferðir til þess að auka orðaforða sinn á markvissan hátt
- ✓ hafi fengið innsýn í danska siði, menningu og þjóðfélag
- ✓ Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- ✓ getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska.

## Námsmat

- ✓ Símat
- ✓ leiðsagnarmat